

Verklagsreglur Hvalfjarðarsveitar vegna grunnskólanáms barna utan lögheimilissveitarfélags

Nemendur á grunnskólaaldri stunda að jafnaði nám í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Frá þessu getur verið vikið í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar barn flyst í annað sveitarfélag á skólaárinu.
2. Þegar forsjáraðili barns óskar eftir að það fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags vegna skilnaðar eða sambúðarslita.
3. Þegar barni er ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi.

Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að hann hefur byrjað skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins, á við um 1. og 2. lið. Það er háð því skilyrði að lögheimilissveitarfélag greiði skólanám nemandans samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Forsjáraðili nemenda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags skal senda inn umsókn þess efnis fyrirfram til lögheimilissveitarfélags nemandans.

Ef lögheimilissveitarfélag fellst ekki á kostnaðarpátttöku er gert ráð fyrir að nemendur sæki skólanám sitt í lögheimilissveitarfélagi mánuði eftir að niðurstaða liggur fyrir en þó eigi síðar en innan tveggja mánaða frá lögheimilisflutningi.

Í öllum tilfellum er gengið út frá því að barn sæki einn grunnskóla.

Afgreiðsla umsókna

Fræðslunefnd afgreiðir umsóknir um skólavist nemanda í öðru sveitarfélagi og staðfestir greiðsluskyldu sveitarfélagsins vegna skólavistar. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga á hverjum tíma.

Greiðslur vegna grunnskólabarna miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs nema um annað sé samið sbr. 6. gr. Þurfi nemandi á sérkennslu og /eða kennslu í íslensku sem annað tungumál að halda skal um það samið sérstaklega.